

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 244/2014****2015/EES/52/36****frá 24. október 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samstarf aðila að EES-samningnum var aukið þannig að það tæki til takmarkaðrar þátttöku í fjarskiptahluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 <sup>(1)</sup> samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2014 frá 9. júlí 2014 <sup>(2)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf aðila að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 283/2014 frá 11. mars 2014 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk net á sviði fjarskiptavirkja og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1336/97/EB <sup>(3)</sup>.
- 3) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2014.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32014 R 0283**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 283/2013 frá 11. mars 2014 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk net á sviði fjarskiptavirkja og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1336/97/EB (Stj. tíð. ESB L 86, 21.3.2014, bls. 14).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur borist (\*).

Hún gildir frá 1. janúar 2014.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129.

<sup>(2)</sup> Stj. tíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 85, og EES-viðbætur við Stj. tíð. ESB nr. 5, 22.1.2015, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stj. tíð. ESB L 86, 21.3.2014, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.